

Fundargerð 31. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 12. desember í 2016 kl. 14.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga 29. og 30. nóvember
3. Fjárhagur sóknaráætlana 2016
4. Áhersluverkefni Suðurlands 2016
5. Verklagsreglur um umboð og starfshætti stýrihópsins
6. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023
7. Skýrsla um framvindu byggðaáætlunar 2014-2017
8. Önnur mál
 - a) Frumvarp til fjárlaga 2017
 - b) Næsti fundur

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN, fór af fundi kl. 15.30), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Steinunn Halldórsdóttir (FOR, kom kl. 15.00), Þór G. Þórarinnsson (VEL) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi:

Helga Haraldsdóttir (ANR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send stýrihópnum. Dagskrárlíður 2, svæðisbundnar nefndir, var ræddur sérstaklega. Það er mat stýrihópsins að skipan slíkra nefnda er ekki æskileg og samræmist illa lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Formanni og verkefnisstjóra falið að skerpa á orðalaginu og senda til staðfestingar til stýrihópsins. Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Rætt var um framgang verkefna sem samþykkt hafa verið af ríkisstjórn eftir tillögum frá svæðisbundnum nefndum. Formaður mun senda póst til fulltrúa stýrihópsins tengist ráðuneyti þeirra einstökum verkefnum og óska eftir upplýsingum um framgang þeirra verkefna.

2. Fundir stýrihóps og landshlutasamtaka sveitarfélaga 29. og 30. nóvember

Dagana 29. og 30. nóvember fóru fram árlegir fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Alls átta fundir og fóru þeir fram í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Hver fundur var um 90 mínútur. Verkefnisstjóri dreifði minnisblaði með samantekt helstu umræðna á fundunum. Fulltrúar stýrihópsins sem sátu fundina lýstu yfir ánægju með þá. Á fundunum var farið nokkuð vítt yfir sviðið þar sem nútíð og framtíð sóknaráætlana var undir.

3. Fjárhagur sóknaráætlana 2016

Formaður greindi frá útgreiðslum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna framlaga til sóknaráætlanasamninga 2015 og 2016. Hátt hlutfall samningsfjármuna alls 63% liggur enn hjá ráðuneytinu, en þeim hefur þó í öllum tilfellum verið ráðstafað. Farið var yfir þessi

mál með landshlutasamtökunum á fundum með þeim í lok nóvember og samtökin hvött til að koma fjármagninu hraðar til styrkþega og sem mestu í „vinnu“ innan ársins. Stýrihópurinn verður aftur upplýstur um stöðuna í byrjun árs 2017.

4. Áhersluverkefni Suðurlands 2016

Áhersluverkefni Suðurlands árið 2016 bárust stýrihópnum 9. desember sl. Um er að ræða 16 verkefni. Heildarkostnaður verkefnanna er 73.795.000, þar af koma kr. 46.400.000 úr sóknaráætlun og mótframlag kr. 27.395.000 til samtals sex verkefna.

Stýrihópurinn staðfestir verkefnin sextán fyrir sitt leyti en óskar þó eftir nánari upplýsingum um verkefnin Kortavefur Suðurlands og Samræming korta í ferðamálum á Suðurlandi. Óskað er eftir nánari upplýsingum um framkvæmd verkefnanna og tengingu við opinbera gagnagrunna. Megin ástæða þess að óskað er eftir þessum upplýsingum er að tryggja að ekki sé um tvíverknað að ræða.

Rætt um að bagalegt væri að stýrihópnum berist áhersluverkefnin þegar svo langt er liðið á árið, enda skulu þau hljóta staðfestingar hópsins áður en vinna við þau hefst. Ákveðið að áhersluverkefni fyrir næsta ár skuli berast stýrihópnum fyrir 1. febrúar 2017.

5. Verklagsreglur um umboð og starfshætti stýrihópsins

Formaður og verkefnisstjóri greindu frá því að þær hafa fundað í tvígang með gæðastjóra innanríkisráðuneytisins til að ræða mótun verklagsregla um umboð og starfshætti stýrihópsins. Rætt var um að tengja verklagsreglurnar við ný lög um opinber fjármál og í því sambandi rætt hvaða málefnasvið heyri undir hvern fulltrúa. Formaður mun senda yfirlit yfir málefnasvið og málaflokka á fulltrúa stýrihópsins og óskar eftir því að fulltrúar svari tilbaka hvaða málefnasvið/málaflokkar þeir telja að tengist byggðaðpróun og þeim beri að vakta t.d. í tengslum við LOF vinnu innan hvers ráðuneytis.

6. Mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023

Formaður greindi frá því að hún ásamt forstjóra Byggðastofnunar og sviðsstjóra þróunarsviðs stofnunarinnar hafi komið inn á sameiginlegan fund ráðuneytisstjóra fyrr um daginn til að fara yfir vinnuna við mótun nýrrar byggðaáætlunar 2017-2023. Á þeim fundi var ákveðið að tillögur sem tengjast hverju ráðuneyti verði sendar viðkomandi ráðuneytisstjóra og fulltrúa stýrihópsins. Byggðastofnun mun í framhaldinu óska eftir fundum í byrjun janúar til að ræða tillögurnar.

7. Skýrsla um framvindu byggðaáætlunar 2014-2017

Frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

a. Frumvarp til fjárlaga 2017

Til upplýsingar fór formaður yfir þá fjárlagaliði í frumvarpi til fjárlaga sem tengjast sóknaráætlunum og byggðaáætlun. Upphæðin nemur samtals 981 milljón, sem er hækkun um 342 milljónir á milli ára.

b. Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 10. janúar 2017 kl. 14.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.35.